

# Afbrotatölfræði

## Ágúst 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í ágúst voru 1.369 hegningarlagabrot skráð sem er um 19% fjölgun milli ára og 6.876 umferðarlagabrot sem er um 7% fjölgun milli ára. Ekki hafa fleiri umferðarlagabrot verið skráð í ágúst mánuði sl. 5 ár. Notkun stafrænna hraðamyndavéla skýrir að stórum hluta þessa fjölgun. Fíkniefnabrot voru samtals 137 í ágúst sem er um 14% fækkun milli ára.


Á mynd 2 má sjá fjölda brota þar sem fyrirmælum lögreglu er ekki hlýtt, brot vegna ölvunar á almannafæri og brot gegn valdstjórninni, fyrstu átta mánuði ársins. Flest brot vegna ölvunar á almannafæri voru í mars og ágúst á þessu ári. Skráð brot þar sem fyrirmælum lögreglu er ekki hlýtt fjölga yfir sumarmánuðina og voru flest 30 í júlí. Brot gegn valdstjórninni eru að jafnaði á milli 10-30 í hverjum mánuði, en flest voru þau 36 í júní sl.

Í töflu eitt má sjá að hraðakstursbrotum fer fjölgandi. Alls voru 5.471 hraðakstursbrot skráð í ágúst sem er um 18% aukning milli ára. Mikil fjölgun varð á þjófnaðar- og innbrotum milli ára. Skráðum þjófnaðarbrotum fjölgaði um 57% samanborið við ágúst í fyrra en eru svipað mörg og árið 2006. Innbrotum fjölgaði um þriðjung milli ára. Ölvunarakstursbrotum, fíkniefnabrotum, áfengislagabrotum og akstur gegn rauðu ljósi fækkaði hins vegar milli ára.

Á mynd þrjú má sjá öll hraðakstursbrot sem hraðamyndavélar, stafrænar og aðrar myndavélar lögreglunnar, skráðu í ágúst. Alls voru 3.435 hraðakstursbrot skráð með hraðamyndavélum í ágúst sem gerir um 63% allra skráðra hraðakstursbrota á landinu. Flest brotin voru á höfuðborgarsvæðinu og í Hvalfjarðargöngum en fæst á Akureyri.




Mynd 1. Fjöldi brota í ágúst 2004-2008 eftir tegund brots.



Mynd 2. Fjöldi í nokkrum brotaflokkum fyrstu átta mánuði ársins 2008.

Tafla 1. Fjöldi í helstu brotaflokkum í ágúst 2006, 2007 og 2008.

	ágúst.08	ágúst.07	ágúst.06
Hraðakstursbrot	5471	4651	3496
Þjófnaðarbrot	448	286	455
Eignaspjöll	303	292	354
Innbrot	253	191	226
Ölvun við akstur	175	192	214
Fíkniefnabrot	137	160	273
Áfengislagabrot	118	152	180
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	136	127	112
Akstur gegn rauðu ljósi	45	68	77
Nytjastuldur	46	31	58



Mynd 3. Hraðakstursbrot í ágúst 2008 sem skráð voru með hraðamyndavélum.

# Afbrotatölfræði

## Ágúst 2008

### Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í ágúst 2006, 2007 og 2008 eftir umdæmum.

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2008	2007	2006	2008	2007	2006	2008	2007	2006
Akranes	14	14	16	145	161	100	6	0	0
Akureyri	115	86	199	260	333	400	9	12	74
Blönduós	3	1	2	333	365	620	2	5	0
Borgarnes	24	18	6	694	1558	257	5	5	5
Eskifjörður	21	10	22	549	236	147	0	0	4
Húsavík	9	3	6	86	133	103	1	0	5
Hvolsvöllur	10	4	11	345	489	377	1	0	1
Höfuðborgarsvæðið	886	800	939	3236	2074	2380	59	93	139
Sauðárkrókur	17	3	12	82	101	67	2	4	0
Selfoss	80	65	51	317	492	404	7	8	17
Seyðisfjörður	12	13	18	150	103	47	2	0	3
Snæfellsnes	22	7	7	68	55	64	4	5	1
Suðurnes	88	81	96	500	206	300	21	14	8
Vestfirðir	25	10	15	96	68	101	0	6	2
Vestmannaeyjar	43	38	47	15	42	39	18	8	14
Alls	1369	1153	1447	6876	6416	5406	137	160	273

\*Af 694 umferðarlagabrotum í Borgarnesi í ágúst 2008 voru 477 hraðakstursbrot skráð með hraðamyndavélum

\*Af 549 umferðarlagabrotum á Eskifirði í ágúst 2008 voru 346 hraðakstursbrot skráð með hraðamyndavélum

\*Af 3.236 umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu í ágúst 2008 voru 2.272 hraðakstursbrot skráð með hraðamyndavélum

\*Af 500 umferðarlagabrotum á Suðurnesjum í ágúst 2008 voru 287 hraðakstursbrot skráð með hraðamyndavélum

Í töflu 2 má sjá heildarfjölda hegningarlagabrota, umferðarlagabrota og fíkniefnabrota í ágúst 2006-2008 eftir umdæmum.

Flest hegningarlagabrot voru skráð á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, Selfossi og á Suðurnesjum. Hegningarlagabrotum fjölgaði milli ára hjá 13 af 15 lögregluembættum. Á Seyðisfirði fækkaði um eitt brot milli ára og á Akranesi voru brotin jafn mörg og í fyrra.

Þó nokkur fjölgun varð á umferðarlagabrotum á höfuðborgarsvæðinu milli ára. Með tilkomu hraðamyndavéla varð mikil aukning í Borgarnesi, Eskifirði og á Suðurnesjum. Einnig var mikil fjölgun á Seyðisfirði og á Vestfjörðum.

Fíkniefnabrot voru 137 talsins sem eru færri brot en í ágúst 2006 og 2007. Þó nokkur fækkun varð á höfuðborgarsvæðinu og ekkert slíkt brot var skráð í tveimur umdæmum í síðastliðnum mánuði. Þó nokkur fjölgun varð á Akranesi, Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum samanborið við sama tíma í fyrra.

#### Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 12. september 2008 og eru tölur fyrir árið 2008 bráðabirgðatölur.

Hraðakstursbrot sem rekja má til stafrænna hraðamyndavéla eru nú skráð undir embættin þar sem brotin eiga sér stað, jafnvel þó skráning málanna fari fram á Snæfellsnesi. Er það breyting frá mánaðarskýrslum í júlí til desember 2007 þegar brotin voru skráð undir lögregluembættið á Snæfellsnesi.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur fallið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kæru fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.